

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt fyrir Sparisjóð Kópavogs nr. 170 9. október 1959.

1. gr.

1. ml. 2. mgr. 14. gr. orðist svo:

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ávallt í lok hvers árs.

2. gr.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 23. júní 1981.

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

Björn Lindal.

R E G L U G E R Ð

um Ípróttakennaraskóla Íslands.

I. KAFLI**Hlutverk og réttindi.****1. gr.**

Kennslan í skólanum skal miðuð við að nemendur hljóti ákveðna undirstöðumennntun svo þeir geti síðar tekið að sér kennslustörf í skólum í ípróttum, slyshjálpi og líkams- og heilsufræði.

Skólinn skal veita nemendum kennslu í ípróttum og félagsstörfum svo að þeir geti leiðbeint í þessum greinum utan skólanna, þ. e. a. s. hjá ípróttá- og ungmennafélögum og starfshópum fyrirtækja.

Í samráði við menntamálaráðuneytið og Ípróttakennarafélag Íslands skal skólinn efna til námskeiða fyrir ípróttakennara. Einnig skal hann efna til námskeiða fyrir leiðbeinendur í ípróttum, þegar fé hefur verið veitt til þeirra. Skal þar bæði vera um að ræða byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið. Að námskeiðum þessum skal unnið í samráði við Ípróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.

2. gr.

Próf frá Ípróttakennaraskóla Íslands veitir réttindi samkvæmt lögum nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra. Einnig veitir próf frá skólanum réttindi til kennslu í slyshjálpi og líkams- og heilsufræði á skyldunámsstigi.

Ípróttakennarar, sem lokið hafa námi í Ípróttakennaraskóla Íslands og fullnægja inntökuskilyrðum Kennaraháskóla Íslands, eiga rétt á námi í Kennaraháskóla Íslands. Um þetta nám skal sett reglugerð, sem byggð er á samkomulagi milli Kennaraháskóla Íslands og Ípróttakennaraskóla Íslands og staðfest af menntamálaráðuneytinu.